

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Anna Bragadóttir  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 19. janúar 2024  
UST202401-086/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 og nýtt deiliskipulag - Skaftafell III-IV**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 og nýju deiliskipulagi fyrir Skaftafell III-IV.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilmálar breytast á svæði VP44 sem nær bæði til Skaftafells III og IV. Auk þess kemur fram að byggingarheimildir skv. aðalskipulagi eru fullnýttar á Skaftafelli III og breytingin felur í sér að skilmálar breytast þannig að sambærileg uppbygging geti einnig átt sér stað á landi Skaftafells IV og verður því um tvöföldun á uppbyggingu að ræða.

### **Fjöldi ferðamanna**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Auk þess þarf að koma fram hvort markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni og hver áhrif tillögunnar séu á Þjóðgarðinn í samræmi við ákvæði 54. gr. náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Rakel Sæmundsdóttir  
**sérfræðingur**